

ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Nesjavellir, hola NJ-21

2. áfangi: Borun fyrir vinnslu-
fóðringu frá 285 í 807 m dýpi




Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Richter,
Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson,
Kjartan Birgisson, Ólafur Guðnason,
Ómar Sigurðsson og Sigurður Sveinn Jónsson

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

2000

OS-2000/051



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 8-630003

Ásgrímur Guðmundsson
Bjarni Richter
Guðlaugur Hermannsson
Hjalti Franzson
Kjartan Birgisson
Ólafur Guðmundsson
Ómar Sigurðsson
Sigurður Sveinn Jónsson

NESJAVELLIR, HOLA NJ-21

2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu frá 285 í 807 m dýpi

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

OS-2000/051

September 2000

ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. - Sími 569 6000 - Fax 568 8896

Akureyri: Glerárgötu 36, 600 Ak. - Sími 463 0957 - Fax 463 0998

Netfang: os@os.is - Veffang: <http://www.os.is>



Skýrsla nr: OS-2000/051	Dags: September 2000	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opín <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: NESJAVELLIR, HOLA NJ-21 2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu frá 285 í 807 m dýpi	Upplag: 45	
	Fjöldi síðna: 35	
Höfundar: Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Richter, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzon, Kjartan Birgisson, Ólafur Guðmundsson, Ómar Sigurðsson og Sigurður Sveinn Jónsson	Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Áfangaskýrsla, 2. áfangi borverks	Verknúmer: 8-630003	
Unnið fyrir: Orkuveitu Reykjavíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni er lýst borun annars áfanga holu NJ-21 á Nesjavöllum og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Holan, sem er boruð með jarðbornum Jötni, er uppi á stallinum sunnan Nesjavalladals skammt frá holu NG-8. Samkvæmt áætlun var borað með hefðbundinni aðferð niður á 480 m en holan síðan stefnuboruð til suðurs undir Hengilinn með 2-3°/30 m halla þar til 30° halla var náð. Holudýpi í lok þessa áfanga er 807 m. Borað var með 12 1/4" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu. Borverkið hófst 19. júní og lauk 1. júlí á 37. verkdegi. Sýnum af borsvarfi var safnað á tveggja metra fresti og jarðlög og ummyndun greind eftir því samhliða borun eins og venja er, og hefðbundnar borholumælingar gerðar, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum og steypugæðum, auk mælinga á halla og stefnu. Jarðlög í holunni eru túff, síðan basalhraunlög og innskot og glerjað basalt í framhaldi af því en basalt hraunlög í neðstu 100 m. Bergið er allt mjög ummyndað. Vatnsæðar eru nokkuð dreifðar í efri hluta holunnar en neðan 510 m virðist lítil lekt. Borverkið var unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarhlutinn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningi þar um.		
Lykilorð: Nesjavellir, háhitasvæði, borhola, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: BS, PI	

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. BORSAGA	3
3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	19
3.1 Jarðlög.....	19
3.2 Ummyndun.....	19
3.3 Vatnsæðar.....	20
4. BORHOLUMÆLINGAR	23
VIÐAUKI 1	27
VIÐAUKI 2	29

Töfluskrá

Tafla 1. <i>Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu.</i>	5
Tafla 2. <i>Mælingar á skoli í 2. áfanga.</i>	7
Tafla 3. <i>Halla- og stefnumælingar við lok borunar 2. áfanga.</i>	8
Tafla 4. <i>Fóðrunarskýrsla.</i>	14
Tafla 5. <i>Halla- og stefnumælingar (G2) í steyptri vinnslufóðringu.</i>	16
Tafla 6. <i>Mælingar gerðar í 2. áfanga borunar NJ-21.</i>	23

Myndaskrá

Mynd 1. <i>Gangur borunar í öðrum áfanga.</i>	4
Mynd 2. <i>Hitamælingar fyrir stefnuborun.</i>	5
Mynd 3. <i>Stefna holu NJ-21 þegar 807 dýpi var náð.</i>	9
Mynd 4. <i>Halli holu Nj-21 og uppbygging á halla.</i>	9
Mynd 5. <i>Hitamælingar 27. júní ásamt mælingu frá 23.júní til samanburðar.</i>	10
Mynd 6. <i>Reiknað rúmál fyrir 9 5/8" fóðringarsteypingu byggt á víddarmælingu.</i>	11
Mynd 7. <i>Hitamælingar með jarðlagamælingum og CBL.</i>	12
Mynd 8. <i>Mismunahiti á skoli.</i>	13
Mynd 9. <i>CBL-mælingar í vinnslufóðringu.</i>	18
Mynd 10. <i>Jarðlagasnið og mælingar á skoli.</i>	21
Mynd 11. <i>Jarðlög og jarðlagamælingar.</i>	22
Mynd 12. <i>Jarðlagamælingar, ásamt hita og vídd.</i>	26

1. INNGANGUR

Í inngangi framvinduskýrslu um 1. áfanga holu NJ-21 er gerð grein fyrir forsendum staðsetningar holunnar og helstu atriðum í hönnun hennar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi borverksins í 2. áfanga holu NJ-21. Áætlað var að bora niður á allt að 800 m dýpi með 12 ¼" borkrónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu, og ráðgert að hefja stefnuborun á um 500 m dýpi. Samkvæmt því verður stefnan 210° og hallaupbygging 2-3°/30 m þar til 30° er náð. Við stefnuborunina verður stuðst við segulmælingar (MWD) meðan borað er svo og gýrósmælingar. Í lokin verður holan hita-, víddar-, og jarðlagamæld, sett niður fóðring og hún steipt og CBL-mæld. Auk þess verða halli og stefna mæld með gýrósmæli.

Öryggiskröfur voru auknar vegna vandasams verkefnis og var bætt inn einum belg-öryggisloka undir annars staðlað öryggislokakerfi á holutoppi við háhitaboranir. Uppröðunin talið neðan frá og upp er sem hér segir: Belgloki, blindloki, stangarloki og belgloki. Ennfremur eins og alltaf er snúningsgosvari (róterandi) ofan við.

Fjarlægð frá kjallarabrún að efri brún drifborðs er 6,87 m. Allar dýptartölur í skýrslunni eru miðaðar við drifborð Jötuns, eins og venja er, nema annað sé tekið fram.

Atburðarás borunarinnar er rakin og greint frá eða birt öll gögn og upplýsingar, sem fallið hafa til meðan á borun og fóðrun stóð.

Verkið er unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur. Verklýsingar voru unnar af BS/HF/KS/SP á Rannsóknarsviði Orkustofnunar (BS/HF/KS/SP-00/01) og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns.

2. BORSAGA


Borverk 2. áfanga NJ-21 hófst 19. júní þegar venjubundnum aðgerðum við 1. áfanga var lokið á 24. verkdegi. Unnið var við holutoppinn og uppsetningu nýrra síritandi mæla, sem nema munu breytingar í skolvökva, og fleiri þátta sem að boruninni lúta. Aðfaranótt þriðjudagsins 20. júní var blindloki prófaður við 30 bar og reyndist í góðu lagi. Þá voru settar niður stangir og holan kæld í um þrjá tíma. Um klukkan 9 voru stangir brotnar út og síðan settur niður strengur til borunar. Í eftirmiðdaginn um kl. 16 var komið niður á steypu í 244 m dýpi og stungustykkið litlu neðar eða á 248 m dýpi. Steypa var síðan boruð niður á 255 m dýpi, en þá voru öryggislokar prófaðir. Ekki stóðust þeir fyrstu prófun og var unnið fram á nótt að gera þá klára fyrir átökin framundan. Síðan voru lokarnir prófaðir á ný við 28 bar (400 psi) og virkuðu þeir eins og til var ætlast. Undir morgun miðvikudagsins 21. júní kl. 6 hófst borun í berg á 285 m dýpi.

Meðan á þessu stóð minnti móðir náttúra all rækilega á sig. Um klukkan 00:50 varð allsnarpur jarðskjálfti sem flestir ef ekki allir hafa sennilega fundið. Mikið gekk á og hristust gámar og skúrar á borstað og steinar rúlluðu niður fjallshlíðina fyrir ofan borinn. Bormenn sem fundu skjálftann þann 17. júní síðastliðinn voru sammála um að þessi kippur hafi verið harkalegri og fastari. Blökkinn í mastri borsins sveiflaðist til góða stund eftir að skjálftinn reið yfir og svarfdósir í gámi ROS hentust niður á gólf. Nokkrir kippir fundust um nóttina, einn nokkuð snarpur um kl. 2:30 og annar um kl. 5:30.

Eins og fram kemur í inngangi var ákveðið að bora niður á um 500 m dýpi með hefðbundinni aðferð en hefja þar stefnuborun. Uppbygging borstrengsins var sem hér segir: 311,5 mm (12 ¼") borkróna af gerðinni EHP-53 ALK, stýring (einstreymisloki), álagsstöng, stýring, tengistykki með einstreymisloka, 11 álagsstangir, tengistykki ("cross-over") og borstangir.

Borun gekk tíðindalítið og dýpkaði holan hratt eins og sést á mynd 1 og í töflu 1. Ákveðið hafði verið að bora niður í 480 m en skipta þá yfir í stefnuborun. Tvívegis var stoppað áður en komið var niður í umrætt dýpi. Í fyrra skiptið, þegar dýpið var 350 m, og var þá dælt á holuna til að kanna lekt. Tveimur lítrum á sekúndu var dælt niður við 15 bar þrýsting og var það metið

á þannig að holan væri þétt. Síðara stoppið var þegar holan var hallamæld á 380 m dýpi og reyndist hallinn 0,8°. Borun var stöðvuð á 480 m aðfaranótt föstudagsins 23. júní kl. 5:40. Eftir að borun lauk þá var holan skoluð og kæld, en þá tóku við hita- og þrýstimælingar fram að hádegi.




Mynd 1. Gangur borunar í öðrum áfanga.

Í um 430 m var tekið eftir að upp úr holuni runnu um 0,5 l/s, og hélst það óbreytt niður í 480 m. Í stangaríbætingum kom fram toppur í mismunahita sem benti til þess að yfirþrýst æð hafi verið skorin. Hringdælt var til að kæla, og klukkan 7:30 voru mælingamenn mættir til að hitamæla í stöngum. Hitatoppar koma fram í þeirri mælingu sem bendir til innstreymis í holuna og yfirþrýstings (mynd 2). Megininnstreymið var í um 430 m dýpi, en einnig koma fram minni hitatoppar víðar eins fjallað er um í kaflanum um vatnsæðar og síðar í kaflanum um mælingar. Lokað var fyrir holuna og sett á 15 bar þrýstingur og náðist að dæla á holuna um 9,5 l/s.

Hitamælingar, sem gerðar voru við mismunandi skilyrði, auk leka og þrýstings á holutopp voru lagðar til grundvallar þeirri ákvörðun um að halda skildi áfram. Eftirfarandi ástand og aðstæður voru við holuna þegar hitamælingar voru framkvæmdar inni í streng:

Tafla 1. Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu.

Borkróna 12 ¼" EHP-53 ALK	Dagur	Borun (m)	Bortími (klst.)	Meðalborhr. (m/klst.)	Tími á borkrónu (klst.)	Dýpi (m)
	21. júní	75	17	4,4	17	360
	22. júní	102	21	4,9	38	462
	23. júní	18	5	3,6	43	480
EHP – 53 A	24. júní	50	5,5	9,1	5,5	530
	25. júní	143	14	10,2	19,5	673
	26. júní	124	15	8,3	34,5	797
	27. júní	10	1	10	35,5	807
Samtals	.	522	78,5	6,6	-	807



Mynd 2. Hitamælingar fyrir stefnuborun.

Mælt kl. 8:09, án dælingar en 0,7 l/s runnu upp.

Mælt kl. 8:40, án dælingar en 0,7 l/s runnu upp.

Mælt kl. 9:15, 9.1 l/s við 16,2 bar

Mælt kl. 9:36, 9.1 l/s við 16,2 bar

Mælt kl. 10:20, 9.1 l/s við 16,5 bar

Mælt kl. 11:41, 4.7 l/s við 14,2 bar

Fyrsta mælingin sýnir staðsetningu á æðunum nokkuð nákvæmlega og er smá dreitill kominn strax neðan fóðringar, síðan í 310 og 325 m. Þessar æðar eru mjög smáar. Á 350-360 m dýpi sést vel æð og síðan á bilinu 415-430 m dýpi og síðan eitthvað minna þar neðan við. Næsta mæling sýnir hvað æðarnar hitnuðu hratt á 30 mínútum eða þar um bil. Þrjár mælingar þar á eftir sýna hvernig rúmlega 9 l/s kældu holuna á um einum og hálfum tíma. Þar kemur skýrt fram að holan kólnaði afgerandi niður á 360 m, en þar neðan við var kælingin öllu minni. Ennfremur hafði opnast ein æð til viðbótar á um 380 m dýpi. Síðasta mælingin sýnir eingöngu hægari kælingu með minni dælingu. Ekki var mikið rennsli úr holunni þrátt fyrir þessa upptalningu á æðum, sem gefa inn í holun, en aðeins 0,7 l/s runnu upp. Ádæling sýnir einnig að æðarnar voru ekki mjög opnar. Með ofangreint í huga var því velt upp hvort steypa ætti í lekana og þetta þá áður en stefnuborunartæki væru sett niður. Niðurstaðan varð sú að halda áfram án steypingar enda mjög óvíst hvort slík aðgerð mundi lánast. Þá var haft í huga að erfitt gæti verið þrýsta steypu út í æðarnar og sennilega þyrfti að steypa oftár en einu sinni til að ná því takmarki. Það sem vó einna þyngst var að öllum líkindum mundi steypan verða harðari en grautlint túffid í holuveggjunum og krónan mundi líklegast skripla af henni og bora nýja holu til hliðar við þá gömlu. Dæmi um slíkt eru vel þekkt.

Eins og venjulega við háhitaboranir var fylgst reglulega með skolvökvanum og skráðu bormenn á fjögurra tíma fresti hita niður og upp, skolmagn frá dælum, þrýsting á dælum og mismun á magni skolvökva niður og upp. Skráning bormanna er sýnd í töflu 2. Auk þess var fylgst með síritandi gagnaskráningu á 20 s fresti á tölvuskjá og eru þau gögn öll til í gagnaskrár yfir 2. áfanga og skráð nákvæmlega.

Eftir hádegi var strengurinn tekinn upp í mastur og brotin út tengistykki, stýringar og króna. Milli kl. 18 og 19 voru borstangir settar niður til að kæla holuna. Eftir kl. 21 voru stangirnar brotnar út og um miðnætti var hafin niðursetning mótors og tilheyrandi, sem stóð yfir alla Jónsmessunótt og fram eftir laugardeginum. Tafsamt var að setja niður vegna nauðsynlegrar kælingar öðru hvoru, en klukkan 15 hófst borun á ný og nú með stefnuborunartækjum.

Borstrengurinn var samansettur eins hér segir: 12 ¼” borkróna, tengistykki (cross-over), 9 5/8” Sperry Drill Lobe 5/6 – 3.0 stg mótör (1,15° bend), tengistykki (cross-over), tengistykki (float sub), stýring, 8” DWD 1200 system, UBHO tengistykki, stýring, tengistykki (cross-over), 9 álagsstangir, tengistykki (cross-over), jar, tengistykki (cross-over), 3 álagsstangir, lykilholurýmari og borstangir. Nánari upplýsingar um borstrenginn er að finna í viðauka 1.

Borun gekk snurðulaust áfram og var þriðju hverri stöng rennt niður til að byggja upp halla holunnar og holan rýmd eftir hverja stöng, tvisvar og stundum þrisvar sinnum. Aðrar stangir voru boraðar niður með snúningi á streng. Þegar komið var í um 785 metra var halli holunnar rúmar 27° og var þá ákveðið að renna einni stöng niður til að ljúka við hallauppygginguna áður en lokadýpi yrði náð. Þegar sú stöng var í botni var dýpi holunnar um 795 metrar og hallinn rétt undir 30°. Einni stöng var snúið niður og borun hætt skömmu eftir miðnætti þriðjudaginn 27. júní kl. 00:40 á 807 m dýpi. Hallamælir í MWD tæki sýndi halla rétt um 30° og var talið að 30° halla hafi verið náð við holubotninn. Ekki var treyst á seguláttavitann í MWD tækjunum þar sem segulsviðið í berginu hefur missterk áhrif á hann eins og reynsla er frá fyrri borunum. Eins og mynd 1 og tafla 1 bera með sér gekk borun vandkvæðalaust. Einu tafirnar við sjálfa borunina voru vegna hallamælinga með gýró. Alls var stoppað fjórum sinnum til gýrómælinga eftir að stefnuborun hófst, en niður að 480 m dýpi hafði verið mælt þrisvar sinnum.


Tafla 2. Mælingar á skoli i 2. áfanga.

Dagsetning	Klukkan	Dýpi	PSI	Dæla 1	Dæla 2	Dæling	Tap	Skolhraði	Tími frá botni	Svarf	TFB	Hiti niður	Hiti upp	diff. hitti			
	m	slög	l/s	slög	l/s	l/s	cm	m/min	min	m/min	min	°T	°T	°T			
21-06-2000	02:00	316	360	121	22,42	116	21,49	43,92	0	0,00	41,63	7,59	26,63	11,87	9,8	14,70	4,90
21-06-2000	06:30	338	350	120	22,24	115	21,31	43,55	0	0,00	41,28	8,19	26,28	12,86	10,90	14,2	3,30
22-06-2000	06:00	385	360	112	20,75	110	20,38	41,14	0	0,00	38,99	9,87	23,99	16,05	9,80	13,20	3,40
22-06-2000	10:30	406	350	118	21,87	112	20,75	42,62	0	0,00	40,40	10,05	25,40	15,99	10,70	16,00	5,30
22-06-2000	03:00	424	360	120	22,24	112	20,75	42,99	0	0,00	40,75	10,41	25,75	16,47	11,20	17,50	6,30
22-06-2000	06:00	440	400	116	21,49	115	21,31	42,80	0	0,00	40,57	10,84	25,57	17,21	10,90	17,70	6,80
24.06.2000	18:00	504	950	132	24,46	132	24,46	48,92	0	0,00	46,37	10,87	31,37	16,07	14,60	23,00	8,40
24.06.2000	22:00	530	900	130	24,09	130	24,09	48,18	0	0,00	45,67	11,61	30,67	17,28	10,4	20,90	10,50
25.06.2000	06:00	568	1150	154	28,54	142	26,31	54,85	0	0,00	51,99	10,93	36,99	15,36	13,50	22,00	8,50
25.06.2000	10:00	590	1150	149	27,61	143	26,50	54,11	0	0,00	51,29	11,50	36,29	16,26	16,80	27,10	10,30
25.06.2000	14:00	624	1150	139	25,76	139	25,76	51,51	0	0,00	48,83	12,78	33,83	18,45	16,20	24,00	7,80
25.06.2000	18:00	653	1150	139	25,76	139	25,76	51,51	0	0,00	48,83	13,37	33,83	19,30	13,70	28,40	14,70
25.06.2000	22:30	665	1150	149	27,61	140	25,94	53,55	0	0,00	50,76	13,10	35,76	18,60	13,00	23,60	10,60
26.06.2000	06:30	703	1100	145	26,87	146	27,05	53,92	0	0,00	51,11	13,75	36,11	19,47	13,4	23,1	9,70
26.06.2000	11:00	735	1250	145	26,87	145	26,87	53,74	0	0,00	50,94	14,43	35,94	20,45	13,9	20,6	6,70
26.06.2000	14:00	754	1175	145	26,87	145	26,87	53,74	0	0,00	50,94	14,80	35,94	20,98	10,9	20,7	9,80
26.06.2000	18:45	780	1220	145	26,87	145	26,87	53,74	0	0,00	50,94	15,31	35,94	21,71	9,9	20,7	10,80
27.06.2000	00:10	800	1350	154	28,54	158	29,28	57,81	0	0,00	54,80	14,60	39,80	20,10	12,2	17,7	5,50


Holan var skoluð í um þrjá tíma með um 45 l/s dælingu og var strengur látinn snúast með um 20 sn/mín og hreyfður upp og niður til að forða því að krónan marki mjög ákveðinn stað í bergið, þar sem hún er meðan skolun stendur yfir. Um kl. 03:40 voru mælingamenn frá ROS mættir til að aðstoða við gýrómælingu. Drifskaft var losað frá og gýrómælir settur niður upp úr kl. 04:00. Niðurstöður samfelldra gýrómælinga (G2) í borlok eru sýndar á mynd 3 og í töflu 3. Í neðsta mælipunkti er halli holunnar kominn í 27,2°, þar sem sæti fyrir gýrómælinn var staðsett í strengnum, en það var um 26 metrum fyrir ofan krónu, á 779 metra dýpi. Stefna holunnar er 220-224° á neðstu 100 metrunum og því ekkert til fyrirstöðu að bora með læstum streng í næsta áfanga. Eins og sést á mynd 4 þá er hallaupbyggingin tiltölulega væg.

Tafla 3. Halla- og stefnumælingar við lok borunar 2. áfanga.

Mælt dýpi (m)	Halli (°)	Stefna (°)	Mælibil (m)	Raundýpi (m)	Fjarlægð í V (m)	Fjarlægð í S (m)	Fjarlægð (m)	DLS °/30m
0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
400,00	0,00	0,00	400,00	400,00	0,00	0,00	0,00	0,00
440,00	0,94	190,70	40,00	440,00	0,32	0,06	0,33	0,70
480,00	0,84	202,50	40,00	479,99	0,92	0,23	0,95	0,16
513,00	3,09	236,20	33,00	512,97	1,63	1,07	1,95	2,21
560,00	6,58	235,00	47,00	559,80	3,88	4,33	5,81	2,23
627,00	11,60	225,50	67,00	625,94	10,83	12,26	16,36	2,34
676,00	15,37	223,30	49,00	673,58	19,02	20,22	27,76	2,33
701,00	18,20	223,30	25,00	697,51	24,28	25,17	34,97	3,40
710,00	19,30	224,00	9,00	706,03	26,37	27,17	37,86	3,74
720,00	20,80	223,70	10,00	715,43	28,84	29,54	41,28	4,51
730,00	22,60	223,50	10,00	724,72	31,52	32,09	44,98	5,40
739,00	23,30	223,00	9,00	733,01	34,08	34,50	48,49	2,42
749,00	24,30	222,90	10,00	742,16	37,03	37,25	52,52	3,00
758,00	25,50	222,70	9,00	750,32	39,81	39,82	56,31	4,00
767,00	27,16	221,30	9,00	758,39	42,78	42,49	60,30	5,91



Mynd 3. Stefna holu NJ-21 þegar 807 dýpi var náð.




Mynd 4. Halli holu Nj-21 og uppbygging á halla.

Eftir gýrómælingu var skolað í 30 mínútur og síðan hitamælt, um klukkan 05:45. Holan var þokkalega köld og flestar æðar vel kældar. Nokkuð öflug æð í 510 metrum hitnaði frekar ört, eða um 40°C á um 20 mínútum en aðrar æðar eru rólegri og hitna lítið. Hugsanlega var eitthvað tap í æðum á milli 600 og 700 m dýpis en það var mjög lítið. Í botni var holan um 37°C og hitnaði um 5-7°C á 20 mínútum.

Mjög óvenjuleg uppákoma varð þá um morguninn, þegar skyndilegt 50 l/s tap virtist vera í holunni. Talið var að vatnið færi í holuna en það átti sér óvænta útkomuleið áður en þangað kom og blekkti það. Þess í stað reyndist ástand vera óbreytt.

Síðdegis var tekið upp úr holunni og MWD-tækin brotin út. Því var lokið um kl. 21 og skömmu síðar var hitamæli rennt niður á ný og hitaástand holunnar kannað. Niðurstaða er sýnd á mynd 5. Þar sést að við þessa litlu ádælingu kólnaði lítilega í efri æðum en ekkert neðan við 510 m. Holan hafði hitnað nokkuð og var því ákveðið að setja niður stengur til að kæla til þess að hægt væri að gera víddar- og jarðlagamælingar.


Nesjavellir hola NV-21



Mynd 5. Hitamælingar 27. júní ásamt mælingu frá 23. júní til samanburðar.

Um morguninn miðvikudaginn 28. júní voru jarðlagamælingar gerðar í opinni holu og er þeim lýst nánar í kaflanum um mælingar hér á eftir. Samhliða þeim var hitamælt og eru niðurstöður sýndar á mynd 7. Mælingum lauk um kl. 16 sama dag, en þá var fôðrun undirbúin og skömmu síðar fór fyrsta rörið niður. Vegna hita í holunni var stoppað öðru hvoru og kælt í gegnum steypuhaus, sem var settur á efsta rör þegar á þurfti að halda, og kælt í gegnum fóðringuna og upp með henni. Undir fimmtudagsmorgun 29. júní var komin fóðring niður á botn sem reyndist vera á 806,6 m dýpi. Það þýddi að skolon og hreinsun holu fyrir fóðringu hafði tekist mjög vel og aðeins um hálf meters botnfall sat eftir. Næst var skorið ofan af fóðringu og stangir síðan settar niður og tengdar stungustykki. Holan var því næst kæld fram undir kvöld á sama tíma og lokið var við að blanda sement. Eins og venja er fyrir fóðringasteypingar þá var reiknað út frá víddarmælingu það rúmmál sem fylla þarf í steypingunni og reyndist það vera 40,6 m³ og er það sýnt á mynd 6. Í áætlun fyrir steypuadgerð var gert ráð fyrir að halda á móti við holutopp með 10 bar þrýstingi, en um 7 bar mældist þegar lokað var fyrir holu.


Nesjavellir hola NV-21



Mynd 6. Reiknað rúmmál fyrir 9 5/8" fóðringarsteypingu byggt á viddarmælingu.

Klukkan 23:20 var byrjað að steypa fóðringuna. Steypt var í gegnum stangir sem voru tengdar við stungustykki á milli annars og þriðja fóðurrörs talið frá botni. Vatn kom upp og haldið var á móti með 10 bar þrýstingi á hlotoppi í þeim tilgangi að halda yfirþrýstum æðum köldum allan tímann meðan á steypingu stæði. Rétt eftir miðnætti kom upp sementslitað vatn og þunn steypa kl. 00:03, en þá var látið renna út um frárennsi holunnar (flowline). Eftirdæling byrjaði kl. 00:10 og var lokið 10 mínútum síðar. Eðlisþyngd steypunnar niður var lengst af um 1,62 g/cm³ en var aðeins þykkari síðustu mínúturnar. Þegar eftirdælingu var að ljúka var eðlisþyngd steypu sem upp kom 1,66 g/cm³. Klukkan 00:55 var kæfingastútur neðan ventla opnaður eitt augnablik og rann þá steypa þar út. Um nóttina var fylgst með hvort steypa sigi og hvort þrýstingur byggðist upp ef lokað var að og gerðist hvorugt. Þar með mátti segja að steyping hefði tekist með ágætum. Stangir voru losaðar frá stungustykki að steypingunni lokinni. Alls voru notuð við steypinguna um 53 tonn af gæðasementi. Allar upplýsingar um fóðrunina er að finna í fóðrunarskýrslu í töflu 4.


Nesjavellir hola NV-21



Mynd 7. Hitamælingar með jarðlagamælingum og CBL.

Að morgni föstudagsins 30. júní var hitamælt (mynd 7) og síðan CBL-mælt til þess að fá mælingu á lítt harnaðri steypu til viðmiðunar við síðari mælingu þegar steypa væri orðin vel hörð. Bilun kom fram í CBL-mælingum þegar komið var niður á 700 m dýpi. Um daginn var unnið við undirbúning að frekari borun meðan steypa harðnaði. Meðal annars var tíminn nýttur til að taka samfellda gýrósmælingu frá hádegi fram að eftirmiðdagskaffi. Niðurstöður komu vel heim og saman við áður gerðar athuganir, þ.e. stefnan frá 700-760 m dýpis var við 220° og hallinn frá lóðréttu í 760 m tæpar 26° eins og sést í töflu 5.

Hitamælingarnar og mælingar á skoli við borun hafa verið mjög góð gögn við að staðsetja æðar. Litlar upplýsingar var að fá úr skoltapsmælingum, en mælingar á hita skolsins voru gagnlegar og á mynd 8 er sýndur mismunahiti á skoli niður og upp. Venjulega sýnir stighækkandi mismunahiti að borað sé í þétt og heitt berg, en í þessu tilvikinu voru æðar í holunni með yfirþrýsting sem hækka hitann og sýna cinnig hitatoppa.




Mynd 8. Mismunahiti á skoli.

Laugardaginn 1. júlí á 37. Verkdegi, um kl. 14, var hafist handa við hita- og CBL-mælingu. CBL-mælingin varð tiltölulega stutt vegna bilunar í tækjum. Hún náði niður í 250 m og var metið að góð steypa væri neðan við 100 (mynd 9). Seinni part dags var skorið ofan af fóðringu og öryggisventlar teknir af. Um kvöldið var þensluhlíf komið fyrir og öryggislokar settir á holuna. Telst þetta vera síðasti verkdagur við þennan áfanga.

Annar áfangi hófst mánudaginn 19. júní og lauk laugardaginn 1. júlí á 37. verkdegi.


Tafla 4. Fóðrunarskýrsla.

	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Eyðublað nr. 68-051
JARÐBORANIR HF		

Verk nr. 42674	Hola nr. NJ-21	Borstaður Nesjavellir	Bor Jötunn	Verkkaupi Orkuveita Reykjavíkur
Vidd holu 12 1/4"	Dýpt holu mv. drifborð 807	Fóðring nr. 4	Fóðrun framkv. dags. 29-30.06.2000	Utfyllt af: Ó.G.

Holudýpi frá flanosi				Fóðringard. frá fl.				Röratalning			
799,24 m				798,47 m				LENGD	NR	MS	ALLS m
FÓÐRING	Gerð	K-55	Þyngd	47 lbs/ft							
	Utanmál	9 5/8"	Innamál	220,5 mm							
	Veggþykkt	12 mm	Pöntunar nr.								
	Tengi	Skrúfuð Buttress			10,05	1		10,05			
	Flangs	Rörin eru í þensluslíf við 12" holufangs			13,38	2		23,43			
	Stangutengi	Float collar			12,90	3	x	36,33			
	Skor	Float shoe			13,48	4		49,81			
	Miðjustillar	21	stk	Steyputappar	0	5		62,71			
STEYPING	Steypa 1 þurrefni	53.000	Tafefni	200	6	x	76,54				
	Eðlisþyngd	1,62	kg/l	Steypingartími	50		13,07				
	Steyputæki	Halliburton dæla og jett mixari			13,14	8		102,75			
	Steypa kom upp	?	Já	Eðlisþyngd steypu upp	1,62	9	x	116,55			
	Eftirdæling	7.082	ltr	Eftirdæling	13	10		13,34			
	Steypa 2 þurrefni		kg			11		143,63			
FRÁGANGUR	Dýpi á steypu utan röra	0	m	Steypt utan með eftir			13,94				
	Steypa þurrefni		kg	Skorið ofan af eftir	38	x	13,88				
	Dýpi á steypu í rón	766	m	Steypa boruð eftir	74		13,14				
						14		184,59			
						15	x	13,95			
						16		198,54			
ATHUGASEMDIR				13,61	17		212,15				
Steypt var gegnum stangir og stungu stykki. Innstreymi er í holuna í 430 og 510m ca 0,8 L				13,44	18	x	225,59				
Lokunar þrýstingur var 7 bar. Haldið var 10 bara þrýsting á killine meðan steyping stóð				12,79	19		238,38				
yfir til að varna innkomu á gufu og gasi. Steypa kom upp og seig ekki neitt.				13,70	20		252,08				
				12,80	21	x	264,88				
				13,61	22		278,49				
				13,53	23		292,02				
				12,90	24	x	304,92				
				13,29	25		318,21				
				13,21	26		331,42				
				13,74	27	x	345,16				
				13,65	28		358,81				
				13,03	29		371,84				
				13,21	30		385,05				

Tafla 4. Fóðrunarskýrsla (framhald)

	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Framhaldseyðublað nr. 68-051
JARÐBORANIR HF		

Verk nr. 42674	Hola nr. NJ-21	Borstaður Nesjavellir	Fóðring nr. 4	Blaðsíða nr. 2
-------------------	-------------------	--------------------------	------------------	-------------------


RÖRATALNING				RÖRATALNING				RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m
13,45	30	x	398,50	0,50	FS		798,47				
13,55	31		412,05								
13,36	32		425,41								
13,85	33	x	439,26								
13,16	34		452,42								
13,62	35		466,04								
13,85	36	x	479,89								
13,03	37		492,92								
13,07	38		505,99								
13,06	39	x	519,05								
13,20	40		532,25								
12,65	41		544,90								
13,07	42	x	557,97								
12,99	43		570,96								
13,17	44		584,13								
13,10	45	x	597,23								
12,93	46		610,16								
12,67	47		622,83								
13,08	48	x	635,91								
13,64	49		649,55								
13,55	50		663,10								
13,38	51	x	676,48								
12,90	52		689,38								
12,91	53		702,29								
12,99	54	x	715,28								
13,87	55		729,15								
13,83	56		742,98								
12,86	57	x	755,84								
13,78	58		769,62								
0,80	FC		770,42								
13,62	59		784,04								
13,93	60	xx	797,97								

Tafla 5. Halla- og stefnumælingar (G2) í steyptri vinnslufóðringu.

Mælt dýpi (m)	Hqalli (°)	Stefna (°)	Raun dýpi (m)	Fjarlægð í suður (m)	Fjarlægð í vestur (m)	Hliðrun frá holutoppi (m)	DLS °/10m
10	0,55	179,11	10	0	0	0	0
20	0,7	184,88	20	0,11 S	0,00 V	0,08	0,49
30	0,81	177,7	30	0,24 S	0,01 V	0,17	0,43
50	0,95	172,02	50	0,55 S	0,02 A	0,37	0,25
70	1	191,49	69,99	0,88 S	0,01 A	0,62	0,5
80	0,86	204,39	79,99	1,03 S	0,04 V	0,76	0,75
90	0,95	202,45	89,99	1,18 S	0,10 V	0,91	0,29
100	0,96	201,25	99,99	1,33 S	0,16 V	1,06	0,07
110	1,03	199,84	109,99	1,50 S	0,22 V	1,22	0,22
120	1,11	194,44	119,99	1,68 S	0,28 V	1,38	0,39
130	1,13	196,52	129,98	1,86 S	0,33 V	1,55	0,14
140	1,1	196,74	139,98	2,05 S	0,39 V	1,72	0,09
150	1,36	194,22	149,98	2,26 S	0,44 V	1,91	0,8
160	1,45	197,95	159,98	2,49 S	0,51 V	2,12	0,38
170	1,5	201,42	169,97	2,73 S	0,60 V	2,36	0,31
180	1,6	200,28	179,97	2,99 S	0,69 V	2,6	0,31
190	1,44	200,21	189,97	3,24 S	0,79 V	2,84	0,48
200	1,39	202,03	199,96	3,47 S	0,88 V	3,07	0,2
210	1,36	200,35	209,96	3,69 S	0,96 V	3,29	0,15
220	1,24	198,93	219,96	3,90 S	1,04 V	3,49	0,37
230	1,26	194,37	229,96	4,11 S	1,10 V	3,69	0,3
240	1,08	188,32	239,95	4,31 S	1,14 V	3,86	0,65
250	1,1	185,12	249,95	4,50 S	1,16 V	4,01	0,19
260	0,97	183,06	259,95	4,68 S	1,18 V	4,14	0,41
270	0,92	185,2	269,95	4,85 S	1,19 V	4,27	0,18
280	0,84	182,82	279,95	5,00 S	1,20 V	4,38	0,26
290	0,8	177,68	289,95	5,14 S	1,20 V	4,48	0,25
300	0,78	176,42	299,95	5,28 S	1,19 V	4,58	0,08
310	0,83	177,29	309,94	5,42 S	1,19 V	4,67	0,15
320	0,73	173,66	319,94	5,56 S	1,18 V	4,76	0,33
330	0,78	171,8	329,94	5,69 S	1,16 V	4,84	0,17
340	0,8	174,83	339,94	5,82 S	1,14 V	4,93	0,14
350	0,74	171,48	349,94	5,96 S	1,13 V	5,01	0,22
360	0,68	166,59	359,94	6,08 S	1,10 V	5,08	0,26
370	0,78	180,79	369,94	6,20 S	1,09 V	5,16	0,62
380	0,87	175,85	379,94	6,35 S	1,09 V	5,26	0,34
390	0,78	173,97	389,94	6,49 S	1,07 V	5,35	0,28
400	0,7	167,92	399,94	6,62 S	1,05 V	5,43	0,34

410	0,76	175,22	409,94	6,74 S	1,03 V	5,5	0,33
420	0,8	178,26	419,93	6,88 S	1,03 V	5,59	0,17
430	0,84	177,84	429,93	7,02 S	1,02 V	5,69	0,12
440	0,67	176,46	439,93	7,16 S	1,02 V	5,78	0,51
450	0,63	183,24	449,93	7,27 S	1,02 V	5,86	0,26
460	0,81	184,02	459,93	7,39 S	1,02 V	5,95	0,54
470	0,88	186,62	469,93	7,54 S	1,04 V	6,07	0,24
480	1,01	219,47	479,93	7,68 S	1,10 V	6,21	1,65
490	1,76	242,74	489,93	7,82 S	1,29 V	6,45	2,77
500	2,94	246,68	499,92	8,00 S	1,67 V	6,83	3,57
510	3,58	245,95	509,9	8,22 S	2,19 V	7,36	1,92
520	3,93	246,38	519,88	8,49 S	2,79 V	7,97	1,05
530	4,34	247,03	529,85	8,77 S	3,45 V	8,64	1,24
540	4,86	247,87	539,82	9,08 S	4,19 V	9,38	1,57
550	5,44	245,84	549,78	9,43 S	5,01 V	10,22	1,82
560	6,17	241,65	559,73	9,88 S	5,92 V	11,17	2,53
570	6,92	240,26	569,66	10,44 S	6,92 V	12,27	2,3
580	7,59	238,57	579,58	11,08 S	8,00 V	13,49	2,11
590	8,15	235,13	589,49	11,83 S	9,15 V	14,83	2,19
600	8,88	229,98	599,38	12,73 S	10,32 V	16,3	3,16
610	9,52	227,83	609,25	13,78 S	11,52 V	17,9	2,18
620	10,57	226,73	619,1	14,97 S	12,81 V	19,64	3,2
630	11,7	226,03	628,91	16,30 S	14,20 V	21,57	3,41
650	13,47	224,21	648,43	19,38 S	17,29 V	25,93	2,72
670	15,05	223,69	667,81	22,92 S	20,71 V	30,85	2,38
680	15,62	223,03	677,46	24,85 S	22,52 V	33,49	1,79
690	16,75	221,81	687,06	26,91 S	24,40 V	36,28	3,54
700	18,08	221,01	696,6	29,15 S	26,38 V	39,27	4,05
710	19,17	220,54	706,08	31,57 S	28,47 V	42,45	3,3
720	20,89	220,15	715,47	34,18 S	30,68 V	45,86	5,18
730	22,44	219,62	724,76	37,01 S	33,05 V	49,54	4,69
740	23,27	219,51	733,98	40,01 S	35,52 V	53,41	2,49
750	24,12	219,68	743,14	43,10 S	38,08 V	57,41	2,56
760	25,79	219,57	752,2	46,35 S	40,78 V	61,61	5,01

Nesjavellir hola NV-21



Mynd 9. CBL-mælingar í vinnslufóðringu.

3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

Svarfsýni voru tekin á tveggja metra fresti eins og venja er við boranir. Sýnin voru greind samhliða borun, bæði jarðlög og ummyndun, og stuðst verður við niðurstöður greininga við frekara áframhald. Á mynd 10 er jarðlagasnið og borhraði sýnt ásamt mælingum á skoli meðan á borun stóð og á mynd 11 eru jarðlagamælingar sýndar með jarðlagasniði.

3.1 Jarðlög

Eins langt og samanburður getur náð við holu NG-8, sem er 403 m djúp, þá eru jarðlögin mjög sambærileg. Móbergsmýndunin í holu NG-8, sem kölluð er móbergsmýndun 4, sést í holu NJ-21 og nær þar niður á 424 m. Annars eru jarðlögin sem hér segir:

285-424 m dýpi. Móberg. Túff er ráðandi berggerð á þessu dýptarbili og er ekki annað að sjá en bergið sé nokkuð einsleitt þegar jarðlagamælingar eru skoðaðar. Ofan 300 m dýpis sýna nifteindir aðeins minna vatnsinnihald í berginu og viðnámið er ívið lægra á 330-400 m. Til viðbótar má nefna að plagióklasdílur einkenna kaflann ofan 310 m dýpis. Við neðri mörkin eru skilin ekki augljós, þar sem innskot skjótast inn í móbergið á neðstu 20 metrunum. Á myndum 10 og 11 sést að margar vatnsæðar sjást í móberginu og sést það skýrt á hitamælingum á mynd 2. Ekki er um að ræða stórar æðar en vegna yfirþrýstings sjást þær vel sem hitatoppar. Líklegt er að slíkar æðar myndu ekki sjást við önnur skilyrði svo sem eins og við undirþrýsting. Ummyndun er mikil og allt móbergið nánast sundursoðið. Ummyndunarsteindir sem sjást eru auk leirsins, kalsít, kvars, wairakít, zeólítar og pýrít.

424-483 m dýpi. Basalthraunlög og innskot. Við efri mörkin skjótast inn innskot líklega á mörkum myndananna og síðan litlu neðar. Þá tekur við fínkornótt blöðrótt basalt mismikið ummyndað en liturinn er gráleitur yfir í grágrænt. Ein öflugasta æðin í þessum áfanga kemur á milli innskota, sennilega tengd þeim á um 430-440 m dýpi. Nifteindadreifingin endurspeglar vel að komið er í lagskiptan stafla með mjög breytilegu vatnsinnihaldi. Nálægt 470 m sést sterkt útslag í náttúrulegu gamma, sem ætti að gefa til kynna súrt berg, og þarf að kanna það nánar. Sömu ummyndunarsteindir og fyrir ofan.

483-700 m dýpi. Glerjað basalt. Eins og nafnið gefur til kynna er bergið mjög gropið vegna mikils glerinnihalds, en allur þessi kafli virðist vera byggður upp af blöðróttum basalthraunlögum með karga á milli. Öðru hvoru ber meira á gleri eða túffi, en kristallað basaltið og túffið sést víða samvaxið í svarfkornunum. Neðan 620 m virðist bergið vera stakdílótt. Oxun sést víða ofan 610 m eins og fram kemur á mynd 10. Jarðlagamælingar á mynd 11 endurspeгла nokkuð vel kaflann sem borað er í. Óregla sést í nifteindadreifingunni en gildin eru lág og gefa til kynna hátt vatnsinnihald. Gammamælingin sýnir sterkt útslag á 620 m dýpi, sem gefur til kynna þunnt lag af súru bergi, en það verður athugað nánar síðar. Á um 510 m dýpi er þunnt innskot og virðist áberandi æð vera tengd því. Ummyndun er mikil og eru sömu ummyndunarsteindir og fyrir ofan, nema að preníti gæti verið komið í steindasamfélagið á um 520 m dýpi.

700-807 m dýpi. Basalthraunlög. Fín-meðalgróft stakdílótt eða dílótt basalt er ráðandi niður á 780 m dýpi en þar neðan við og niður á 800 m er bergið grófkorna. Bergið er grásvart-grágrænt á lit, blöðrótt og að jafnaði nokkuð ummyndað. Neðan 800 m dýpis er komið í basaltbreksíu. Engar vatnsæðar sjást í þessum hluta. Sömu ummyndunarsteindir sjást og í kaflanum fyrir ofan.

3.2 Ummyndun

Eins og kemur fram í lýsingu á jarðlögum hér á undan eru ekki miklar breytingar í steindasamfélaginu. Ráðandi steindir eru kvars, kalsít, kalsedon, wairakít, pýrít og leirinn, sem er lang algengasta ummyndunarsteindin. Vottur af preníti sást á 520-530 m dýpi. Zeólítar sjást

öðru hvoru og virðast ekki vera í jafnvægi við ríkjandi hita. Við æðarnar í 430 og 510 m er áberandi aukning í samvöxnu kvarsí og pýríti.

Ummyndunarhiti byggður á ofanefndum steindum er á bilinu 200-240°C. Efri mörkin miðast við að prenit hefur sést en aftur á móti bólar ekkert enn sem komið er á epidóti. Ennþá glittir í zeólíta sem eru annars að mestu horfnir.

3.3 Vatnsæðar

Upplýsingar um vatnsæðar koma frá mælingum á skolvökva, jarðfræði, ummyndun og síðast en ekki síst frá hitamælingum. Hitamælingar eru birtar á myndum 2, 5 og 7. Þar sést að ef einstaka mælingar eru bornar saman þá er stundum munur upp á nokkra metra hvernig hitatopparnir sjást. Æðarnar eru nokkuð dreifðar í efri hluta holunnar en neðan 510 m virðist lítil lekt.

310-380 m. Samkvæmt hitamælingum virðist nokkuð jöfn dreifing á æðum í túffinu á þessum kafla. Þegar stoppað var í 420 m þá runnu aðeins upp 0,5 l/s. Greinilegt er að yfirþrýstingur í jarðhitakerfinu á þessu dýptarbili skilar vel inn upplýsingum í hitamælingar. Óvíst er hvort nokkuð kæmi fram ef kerfið væri undirþrýst. Ummyndun er svipuð við allar æðarnar sem gefur til kynna hita um eða yfir 200°C.

430-440 m. Æðin sést mjög vel í öllum hitamælingum og er önnur sterkasta æðin ef tekið er mið af upphitun í hitamælingum. Hún virðist liggja við innskot sem hafa skotist inn á mótum móbergs og basaltmyndunar. Hún er yfirþrýst en lítið rennur úr henni miðað við að aðeins 0,7 l/s runnu úr holunni þegar stoppað var á 480 m dýpi. Engar sérstakar vísbendingar koma fram í ummyndunarsteindum.

